

Til formanna aðildarféлага BSRB

16. desember 2005

## **Fréttir af störfum réttindanefndar BSRB í desember 2005.**

Frá því í haust hefur nefndin fundað 6 sinnum. Fundargerðir eru gerðar eftir hvern fund og tvisvar á ári eru sendar fréttir af helstu störfum nefndarinnar. Sérstakur réttindavefur var opnaður fyrir u.þ.b. 2 árum þar sem helstu mál er varða réttindi starfsmanna eru sett inn.

Í réttindanefnd BSRB sitja eftirtaldir aðilar, Ögmundur Jónasson, formaður, Arna Jakobína Björnsdóttir, Árni Stefán Jónsson, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Ingi Jónsson, Þuríður Einarsdóttir og Páll Winkel. Erna Guðmundsdóttir er starfsmaður nefndarinnar.

Fjölmörg réttindamál hafa verið á dagskrá og snerta þau margvísleg svið eins og fyrri ár.

Sérstök yfirlýsing í tengslum við kjarasamningana á árinu var gerð um málefni vaktavinnustarfsmanna þar sem ákveðið var að endurskoða þeirra málefni með það fyrir augum að bæta kjör og aðbúnað. Réttindanefndin er bakhópur fulltrúa BSRB í sérstökum starfshópi sem var tilnefndur vegna verkefnisins. Starfshópurinn hefur fundað nokkrum sinnum. Réttindanefnd lagði til að halda ráðstefnu um málefni vaktavinnustarfsmanna í byrjun næsta árs og var því vel tekið í starfshópnum. Hefur verið tekin ákvörðun um að gera rannsókn/könnun á vegum Rannsóknarstofu í vinnuvernd. Sérstakir rýnihópar verða settir á fót með helstu vaktavinnuhópnum. Í kjölfar þeirrar niðurstöðu mun verða haldið málþing þar sem m.a. helstu niðurstöður verða kynntar.

Mikil vinna var sett í gang þegar frumvarp menntamálaráðherra um breytingu á Ríkisútvarpinu var lagt fram á síðasta þingi. Fjölmargir fundir voru haldnir með starfsmönnum RÚV og var frumvarpinu á endanum frestað. Þar sem nýtt frumvarp hefur verið lagt fram í breyttri mynd mun það verða áfram á dagskrá réttindanefndar. Þá fjallaði réttindanefnd BSRB um frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra barna eða alvarlega fatlaðra barna og athugasemdir sem gerðar voru á frumvarpinu frá BSRB.

Ofarlega á baugi hefur verið skattlagning einkennisfatnaðar. Réttindanefnd fjallaði um skattlagningu einkennisfatnaðar og var ákveðið að BSRB ritaði bréf til Ríkiskattstjóra og fjármálaráðherra þar sem óskað var endurskoðunar á skattlagningu einkennisfatnaðar en sú skattlagning fer hækkandi með hverju árinu. Jafnhliða ósk um að taka þátt í endurskoðun þeirra reglna hefur verið farið í kærumál sem Gestur Jónsson hefur tekið að sér fyrir BSRB.

## Önnur réttindamál sem hafa verið á dagskrá nefndarinnar:

a) Erindi LL varðandi innheimtu dráttarvaxta vegna vangoldinna launa en fjármálaráðuneytið hafnaði því að greiða lögreglumönnum dráttarvexti á þau laun sem voru leiðrétt á grundvelli dóms í máli nr. 349/2003. LL taldi nauðsynlegt að höfða mál þar sem um mikið hagsmunamál allra launþega væri að ræða, með aðstoð BSRB, og var það rætt sérstaklega á fundinum. Erindinu var svo vísað til stjórnar BSRB sem tók ákvörðun að BSRB kostaði málaferlin.

b) Hjá Fasteignamati ríkisins voru settar sérstakar reglur og leiðbeiningar um öryggi í upplýsingatækni. Erna Guðmundsdóttir skoðaði þessar reglur og leiðbeiningar fyrir SFR þar sem sérstök ákvæði eru í reglunum um skráningu notkunar starfsmanna á internetinu og skoðun á tölvupósti. Farið var yfir athugasemdir EG sem hún hafði kynnt á fundi með gæðastjóra FMR en megin niðurstaðan hjá EG var að það þyrfti að fá álit Persónuverndar á þessum reglum FMR. Voru nefndarmenn sammála um það. Mun réttindanefnd BSRB óska eftir álit Persónuverndar á framangreindum reglum FMR.

c) Réttindanefnd fjallaði um erindi frá St.Rv. þar sem óskað var eftir því að nefndin skoðaði hvaða áhrif launahækkningar, sem félagsmenn fengu eftir starfsmatið og greiddar voru afturvirkir frá 1. desember 2002, hafi á greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði. Ákveðið var að senda inn erindi í samráði við viðkomandi félagsmann St.Rv. til Fæðingarorlofssjóðs. Barst svar við erindinu frá Fæðingarorlofssjóði þar sem fallist var á að foreldri ætti rétt á að óska eftir leiðréttingum á greiðslum frá sjóðnum afturvirkir hafi það fengið greiðslur vegna starfsmats. Var þetta kynnt sérstaklega á heimasíðu BSRB og sent til allra formanna BSRB.

d) Bréf barst frá fjármálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg þar sem lagt er til að bótafjárhæðir í samkomulaginu frá 22. desember 2004 miðist við vísitölu neysluverðs í september 2004, 235,6 stig, í stað nóvember, 237,9 stig. Bréfi þessu fylgdi útreikningur sem farið var yfir af réttindanefnd. Voru engar athugasemdir gerðar við það að ganga frá samkomulagi um breytingu á vísitölu við fjármálaráðuneytið og Reykjavíkurborg.

e) Kjölur óskaði eftir því að nefndin fjallaði um greinargerð með tillögu yfirvinnunefndar Akureyrarbæjar til Bæjarráðs Akureyrarbæjar þar sem breyta á viðbótarlaunagreiðslum í álag en þær hafa verið greiddar með yfirvinnu. Ákveðið var að EG og ÖJ færu á fund bæjarstjóra Akureyrarbæjar þar sem um mikilsvert hagsmunamál væri að ræða. ÖJ og EG áttu tvisvar fund með félagsmönnum Kjalar og formanni á Akureyri. Þar var farið yfir réttarstöðu félagsmanna og ákveðið að skoða lögfræðilega hlið málsins vel. Að fundinum loknum áttu ÖJ, EG og AJB fund með bæjarstjóra Akureyrarbæjar. Í seinna skiptið fór Gestur Jónsson lögmaður BSRB með ÖJ og EG á svipaðan fund á Akureyri.

f) Í ráðningarsamningi starfsmanna hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum hefur verið sett inn setning sem gengur út á það að starfsmaðurinn verði sendur heim sé íbúi sambýlisins ekki heima, fái hann þá greidd föst laun en ekki álag og yfirvinnu. SFR óskaði eftir álit réttindanefndar sem taldi ástæðu til að gera athugasemdir við ákvæði SMFV í þeim ráðningarsamningi þar sem einungis er starfrækt ein starfseining og starfsmennirnir hafa ekki val um að skila vakt í öðrum þjónustuþáttum SMFV. Að mati réttindanefndar er framangreint ákvæði í ráðningarsamningi ekki í samræmi við kjarasamning og 1. gr. laga um starfskjör launafólks nr. 55/1980.

g) Fastir liðir á dagskrá nefndarinnar næsta ár verða afskipti vinnuveitanda af kosningu trúnaðarmanna, en upp hafa komið tilvik á stofnunum þar sem stofnanir eru í auknum mæli að hafa afskipti af kosningu trúnaðarmanna. Í því tilviki sem um ræðir var viðkomandi starfsmaður sem ætlaði að bjóða sig fram í launabókhaldi. Miklu skiptir að stéttarfélögin séu vakandi yfir þessu. Þá mun vera á dagskrá rétturinn til að vera í stéttarfélögum en talsvert er að aukast að forstöðumönnum sé sagt að þeir megi ekki vera í stéttarfélagi. Telur réttindanefnd mikilvægt að þessi umræða haldi áfram og að BSRB komi að þessum málum.

h) Starfsmannfélag Reykjavíkurborgar óskaði eftir því réttindanefnd fjallaði um kröfu Orkuveitu Reykjavíkur um að fella út úr kjarasamningi ákvæði um áminningarskyldu í kjarasamningi félagsins við OR. Réttindanefnd var á einu máli um að vara við að taka ákvæði um áminningarskyldu út úr samningum og lögum. Mikilvægt væri að vernda þetta ákvæði til að tryggja réttarstöðu starfsmanna.

i) Réttindanefnd fjallaði um rétt fyrrverandi sviðstjóra hjá Þjóðleikhúsinu til frítökuréttar samkvæmt kjarasamningi samkvæmt beiðni SFR. Nefndin gaf út álit sem SFR sendi til Þjóðleikhússins. Stofnunin vísaði því til samráðsnefndar um vinnutíma til að fá álit hennar á því hvort að Reinhardt falli undir undantekningarákvæði hvíldartímakaflans um stjórnendur, sbr. 2.4.6. Nefndarmenn vinnutímanefndarinnar komust ekki að sameiginlegri niðurstöðu og skiptist það þannig að fulltrúar vinnuveitanda töldu hann ekki eiga rétt á þessu en fulltrúar BSRB, ASÍ og KÍ voru á annarri skoðun. Eftir á að taka ákvörðun um framhald í þessu máli.

j) Kynnt var niðurstaða dómsmáls sem STAK fór í gegn Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar þar sem félagið taldi að við ákvörðun örorkulífeyris og eftirlauna samkvæmt eftirmannsreglu bæri að taka tillit til persónuálags vegna símenntunar samkvæmt ákvæði í gr. 10.2.2. í kjarasamningi STAK og Akureyrarbæjar. Tapaði STAK málinu og mun Kjölur áfrýja málinu til Hæstaréttar.

k) Réttindanefnd fjallaði um kæru í máli heimahjúkrunar í Reykjavík vegna álagningar Skattstofunnar í Reykjavík fyrir starfsmenn heimahjúkrunar.

l) Þá var niðurstaða í málum sjúkraliða sem lögð var fyrir samráðsnefnd um veikindarétt. Þar klotnaði nefndin eftir því hvort um var að ræða fulltrúa launamanna eða vinnuveitanda.

F.h.. réttindanefndar BSRB

---

Erna Guðmundsdóttir, hdl.

